

Stjórnarfundur LH 20. nóvember 2009

12. fundur. Haldin í í reiðhöll hestamannafélagsins Fáks.

Aðalstjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar.

Mættir voru: Haraldur Þórarinnsson, Vilhjálmur Skúlason, Sigurður Ævarsson, Oddur Hafsteinsson, Sigrún Valdimarsdóttir, Ísleifur Jónasson, Sigfús Helgason, og Þorvarður Helgason.

Frá mannvirkjanefnd mættu: Halldór Svansson og Kristján Andrésson.

Frá hestmannafélaginu Fák mættu: Árni Guðmundsson, Helga B Helgadóttir, Bjarni Finnson formaður Fáks, Þorgrímur Hallgrímsson, Guðni ?????son og starfsmaður Fáks, Jón Finnur Hansson.

Fundarritun í höndum Oddrún Ýr Sigurðardóttur.

- 1. Kynning Fáksmanna á félagsvæði sínu fyrir LM 2012**, sjá fylgiskjal. Í lok kynningu Fáksmanna ræddu forsvarsmenn mannvirkjanefndar LH við stjórnarmenn LH. Þar var rætt um að mögulega væru fleiri atriði sem mætu vera matsatriði en þau sem eru í skýrslu mannvirkjanefndar og að umsóknirnar hafi verið afgreiddar eins þær væru. Hugmynd um að útbúa lista og gefa svæðunum stig, eftir því væri svo hægt að flokka svæðin. Rætt var um að félögin gætu jafnvel sent inn ný gögn varðandi sitt svæði og gert það fyrir vissan tíma, (10.des 09) og gögnin endurmetin áður en endanleg ákvörðun er tekin um val. Halldór Svansson mannvirkjanefnd telur kynningu Fáksmanna vera svar til mannvirkjanefndar. OH og VS telja stuðning sveitarfélaga vera mikilvægan fyrir umsækjendur. HP talar um að setja saman hóp til að búa til gátlista áður en ákvörðun er tekin, Ísleifur Jónasson, Þorvarður Helgason og einn aðili úr mannvirkjanefnd munu skipa þennan hóp og að hópurinn þurfi að byrja vinna sem allra fyrst.

2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og eftirfarandi liðir voru ræddir og staða breyst:

- 1.1 Staðarval á Landsmót**, HP talar um lið 1.8 í síðustu fundargerð. Að leggja áherslu á að staðarval fyrir árið 2012 klárast fyrir áramót en staðarval fyrir mót 2014 klárast fyrir lok febrúar 2010.
- 1.2 Fundargerð 10 stjórnarfundar**, fresta með að samþykkja og birta, þarf að breyta/skoða orðalag undir **önnur mál, a)lið** „Árangur kynbótaknapa einn og sér mun ekki nægja til „knapa ársins“.
- 1.3 Fundargerð 11 stjórnarfundar**, ákveðið samþykkja hana ekki fyrr en á næsta stjórnarfundum, þarf að endurskoða orðalag. Fundargerð 11 er trúnaðarmál og hefur Oddrúnu Ýr starfsmanni verið falið það verk að kaupa trúnaðarmannabók fyrir þau einstaka trúnaðarmál sem koma upp.

3. Tölvumál

Oddur Hafsteinsson stjórnarmaður í LH og formaður tölvunefndar LH greindi frá stöðu mála í dag. Sjá fylgiskjal

4. Hestatorg

Oddur Hafsteinsson leggur fram skýrslu frá Huldu G Geirsdóttur verkefnisstjóra Hestatorgs fram til umræðu og athugasemda. Stjórn LH óskar eftir heildaruppgjöri á verkefninu, þ.e. alla styrktarliði sem og kostnaðarliði. OH ætlar að óska eftir því. Umræðu um Hestatorg því frestað þangað til að heildaruppgjör berst.

5. Vinnufundur stjórnar 2010

Nauðsynlegt að setja á helgarvinnufund stjórnar LH sem fyrst á nýju ári 2010. Oddrún starfsmaður LH og Sigfús stjórnarmaður LH fara í að skipuleggja stað og stund.

6. Landsliðsmál

Bjarnleifur Bjarnleifsson formaður landsliðsnefndar kom á fundinn með uppkast af skýrslu nefndarinnar. Ekki var búið að senda skýrsluna á stjórnarmenn LH. BB stiklaði á stóru og talaði um trúnaðarrest í nefndinni. Ákvað stjórn LH að fresta umræðum um skýrslu landsliðsnefndar þangað til að hún hefur borist þeim formlega.

7. Önnur mál

- a) Sigurður Ævarsson segir frá því að stjórn GDLH stefni á að sækja um í sjóð hjá fagraði. Óskar SÆ eftir samþykki stjórnar vegna þess og stjórn LH er samþykk því.
- b) Oddur Hafsteinsson spyr Sigurð Ævarsson um samskipti við gæðingadómaranefnd FEIF. SÆ talar um að samskiptin séu ekki mikil, en útrás gæðingakeppninnar sé í fullum gangi. Vilhjálmur Skúlason talar um að það þurfti að ath samskiptastöðu LH við Marko Mazeland og gæðinganeftnd FEIF, hvar þessi nefnd standi innan FEIF. Ákveðið var að ganga í það verkefni.
- c) Vilhjálmur Skúlason segir frá afmælishátíð LH. Verður haldin 18. desember í Iðnó. Talar um að þarna verði nokkur stutt erindi flutt, gott tækifæri til að koma saman. Kostnaðaráætlun ætti að vera tilbúin byrjun desember.
- d) Sigrún Valdimarsdóttir og Sigfús Helgason eru að vinna að ferðakostnaðarmálum, skýra nánar frá á næsta stjórnarfund.
- e) Sigrún Valdimarsdóttir talaði um uppskeruhátíð, varðandi veitingar til stjórnarmanna. Verður farið betur yfir málefni uppskeruhátíðar þegar búið verður að ganga frá uppgjöri.

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Oddur Hafsteinsson*